

Alþingi
Erindi nr. P 143/1245
komudagur 12.3.2014



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis, Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

11. mars 2014

**Fyrirvarar Ferðaklúbbsins 4x4 vegna tillögu um áhættumat vegna ferðamennsku, 216. mál 143.
löggjafarþings 2013-2014**

- Fullt samstarf þarf að vera við aðila á vettvangi ferðamála við framkvæmd áhættumats þess sem þingsályktunartillagan fjallar um. Ferðaklúbburinn 4x4 er tilbúinn að eiga aðild að gerð áhættumats vegna ferðamennsku.
- Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er settur fram samanburður á aðstæðum á Íslandi, Grænlandi og Svalbarða. Þessi samanburður er óraunhæfur að því aðstæður eru mjög mismunandi milli þessara landa.
- Það vantar nánari skilgreiningar í greinargerð á hvað telst skipulögð ferð.
- Hvaða aðilar falla undir skilgreininguna „ferðaskipuleggjendur“? Ekki skýrt í greinargerð. Það þarf að liggja fyrir að Ferðaklúbburinn 4x4 og önnur áhugamannafélög séu ekki skilgreind sem ferðaskipuleggjendur með ótakmarkaða ábyrgð.
- Þegar um leyfisskylda ferðarþjónustu ræðir telur Ferðaklúbburinn 4x4 bæði sjálfsagt og æskilegt að áhættumat og viðbrögð við vá liggja fyrir í upphafi ferðar.
- Í greinargerðinni er ekki vitnað í tölur eða tölfræði um hvort að slys séu fleiri í skipulögðum ferðum eða ferðum ferðamanna sem ferðast á eigin vegum. Einungis er sett fram „Á undanförunum árum hafa orðið nokkur alvarleg slys á ferðafólki hér á landi“. Þarna er sett fram fullyrðing án rökstuðnings. Það er því ekki hægt með markvissum hætti að forgangsráða tilsníðnum forvörnum.
- Mesta hagsmunamál Ferðaklúbbsins 4x4 er ferðafrelsi með ábyrgri ferðamennsku. Í markmiðum klúbbsins er: „Að gefa gott fordæmi um umgengni og verndun landsins með jákvæðri eftirbreytni og umræðu um náttúruvernd“. Ætlast Ferðaklúbburinn 4x4 til að umferðarrétturinn sé grundvöllur fyrir því að hægt sé að njóta annarra gæða sem í almannaréttinum felast. (Sjá; Gaukur Jörundsson. (1982-1983). Bls. 67-69.)
- Sú óviðjafnanlega náttúra sem er á Íslandi og möguleikar til einstakrar upplifunar hennar og hughrifa og útivist í auðnum og lítt snortinni sem og ósnortinni náttúru á að vera aðgengileg þeim sem eftir henni sækjast.

Fyrirvarar þessir eru ekki tæmandi og áskilur Ferðaklúbburinn 4x4 sér rétt til að koma fleiri athugasemdum á framfæri á síðari stigum málsins. Ferðaklúbburinn 4x4 lýsir sig reiðubúinn til að tilnefna aðila í starfshópa og nefndir um áhættumat vegna ferðamennsku.

Reykjavík, 10. mars 2014

Fyrir hönd Ferðaklúbbsins 4x4

Sveinbjörn Halldórsson